

Skólasamningur

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Skólasamningur 2010-2012

1. Tilgangur

Samningur þessi er á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis (ráðuneyti) og Menntaskólans á Tröllaskaga (MTR) í samræmi við 2. mgr. 44. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Hann kveður á um helstu áherslur í starfsemi MTR og önnur mikilvæg atriði sem snerta þjónustu og rekstur skólans. Auk þess er hann umgjörð um samskipti og upplýsingamiðlun aðila. Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans.

Samningurinn hefur ekki áhrif á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi skólans eða lögbundnar skyldur hans og takmarkar ekki stjórnunarheimild ráðherra.

2. Áherslur

Menntaskólinn á Tröllaskaga var stofnaður haustið 2010 og því er skólinn í stöðugri mótun. Því gætu sum þeirra markmiða er við höfum sett okkur þurft endurskoðunar við, í ljósi þeirra reynslu sem skapast á þeim tíma sem þessi samningur er í gildi. Meginmarkmið tengjast námskrá framhaldsskóla en auk þess sérkennum skólans sem felast í einkunnarorðum hans: Frumkvæði – Sköpun – Áræði.

Frumkvæði

Nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, komi með hugmyndir að viðfangsefnum og útfæri þau.

- nemendur skilgreini stærri viðfangsefni, útfæri þau og leysi í samstarfi við skólann.
- starfsmenn komi með hugmyndir að uppbyggingu skólans og útfæri þær.

Sköpun

Nemendur og starfsmenn séu skapandi í starfi sínu sem felst í því að

- skapa list sem sýnd er í skólanum og samfélaginu
- hafa áhrif á nærumhverfi skólans innan og utan á skapandi hátt
- sýna sköpun í viðfangsefnum sínum í skólanum sem sagt er frá á heimasíðu eða í fréttamiðlum.

Áræði

Nemendur og starfsmenn sýni áræði með því að ganga ekki bara troðnar slóðir heldur útfæri verk á annan hátt en hefðbundið er sem felst í því að

- leysa verkefni tengd samfélaginu eða í samstarfi við aðila utan skólans
- leysa viðfangsefni sem reyna á samskipti við aðila utan skólans til upplýsingaöflunar eða miðlunar.

Skólanum eru brottfallsmál hugleikin en þar sem skólinn tók til starfa haustið 2010 á svæði sem ekki hefur áður haft framhaldsskóla teljum við að það þurfi að líða um tvö ár þar til hægt er að setja fram með mælanlegum eða metanlegum verkfærum hvernig gengur. En til að ná markmiðum sínum hefur skólinn samþætt námstækni við námsgreinar í stað þess að bjóða upp á hægferðir. Á sama hátt er skólinn sérstaklega að velta fyrir sér nemendum með lestrarörðugleika en telur að áður en hægt sé að beita mælistikum á verkefnið þurfi að líða dálítill tími. Á meðan verður tölulegum gögnum safnað sbr. sjálfsmatsáætlun og í framhaldinu þróuð markmið og mat á árangri.

3. Samskipti, fundir, eftirfylgd

Samningsaðilar munu leitast við að styrkja samninginn sem umgjörð um formleg samskipti þeirra enda geri lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli ekki ráð fyrir öðru. Eftirfylgd er ekki síður mikilvæg en samningurinn sjálfur og mun hluti hennar felast í þróun aðferða við að meta og bera saman árangur skóla.

Samskiptahættir

Aðilar eru sammála um að þær meginreglur gildi í samskiptum þeirra, formlegum sem óformlegum að unnið sé í góðri trú og traust ríki milli þeirra.

Umfjöllun sé málefnaleg og vinnulag einkennist af gegnsæi og skjótum viðbrögðum. Samvinna sé eftir föngum um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt í hvívetna.

Formlegir samráðsfundir

Reglulegir fundir MTR og ráðuneytis á samningstímanum eru a.m.k. tveir á hverju ári. Á haustfundum koma fulltrúar ráðuneytis í skólann en á vorönn sækja fulltrúar skólans fund í húsakynnum ráðuneytis. Öll mikilvægustu mál sem varða skólann og báðir aðilar þurfa að fjalla um eru rædd á fundunum og komið í farveg sem leiðir til niðurstöðu. Fundirnir þjóni þó fyrst og fremst þeim tilgangi að fara yfir samninginn og áherslur aðila skv. kafla 2 og meta sameiginlega hvernig tekst að fylgja þeim eftir.

Farið er yfir verk- og framkvæmdaáætlun skólans um innra mat og framgang hennar og niðurstöður matsins, þ.e. þeirra þátta sem unnið er að hverju sinni. Jafnframt er fjallað um niðurstöður ytra mats og kannana, ef um slíkt er að ræða, svo og annarra eftirlitsþátta.

Á vorfundi liggur fyrir árskýrsla skólans til umræðu en á haustfundi er skýrsla skólans um innra mat á liðnu skólaári tekin fyrir. Þá getur ráðuneyti óskað eftir framvinduskýrslum eftir atvikum.

Einnig eru tekin fyrir fjármál og rekstur skólans og sérverkefni ef einhver eru skv. kafla 5 sem og helstu breytingar á starfi skólans.

Þá eru önnur mál tekin fyrir til úrlausnar eftir því sem þarf.

Dagskrá fundanna skal liggja fyrir með minnst viku fyrirvara.

4. Forsendur skólastarfsins

Í þessum kafla er rætt um hvernig haga þarf nokkrum þáttum í starfsemi skólans svo hægt sé að vinna eftir samningnum og uppfylla ýmsar skyldur sem hvíla á aðilum hans, meðal annars samkvæmt lögum.

Hlutverk og skipulag

Menntaskólinn á Tröllaskaga leitast við að uppfylla allar þær skyldur sem lagðar eru á herðar framhaldsskóla í 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli með áfangakerfi. Skólinn starfar eftir nýjum lögum

um framhaldsskóla og nýrri námskrá sem gefur aukið svigrúm í námsvali til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs. Námið er metið til framhaldsskólaeininga s.k. f-eininga og þarf nemandi að ljúka 200 f-einingum til stúdentsprófs. Námsbrautir við skólann verða 5, félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut, lista- og menningarbraut, íprótta- og útivistarbraut ásamt fisktæknibraut. Á íprótta- og útivistarbraut geta nemendur sérhæft sig í málum tengdum útivist og ípróttum. Á lista- og menningarbraut geta nemendur valið fagurlistir, listljósmyndun eða tónlist. Verið er að útfæra fisktæknibraut.

Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Allt námsefni utan kennslubóka er í kennslukerfi skólans ásamt verkefnum og öðrum upplýsingum. Á sama hátt er öllum verkefnum sem við á, skilað í sama kennslukerfi. Miðað er við að nemandinn ljúki námi í skólanum á samfelldum vinnudegi þar sem námið skiptist í nám undir verkstjórn kennara, sjálfstætt nám með aðgengi að námsaðstoð eða fjarnám. Við skólann eru viðhafðar fjölbreyttar námsmatsaðferðir í formi leiðsagnar- og sí mats.

Gert er ráð fyrir að þegar skólinn verður fullskipaður verði í honum 120-150 ársnemendur. Nú á annarri starfsönn skólans eru nemendur 79 talsins.

Auk skólameistara starfa við skólann:

- aðstoðarskólameistari/áfangastjóri 50% starfi
- fjármála- og skrifstofustjóri í 50% starfi
- námsráðgjafi í 25% starfi
- umsjónamaður fasteignar, tölvukerfis og ljósmyndastúdíós í 100% starfi
- ræstitæknir sem jafnframt vinnur á bókasafni og í afgreiðslu í 100% starfi
- Kennarar skólans eru 6, þar af aðeins einn í 100% starfi (aðstoðarskólameistari, fjármála- og skrifstofustjóri ásamt námsráðgjafa stunda jafnframt kennslu og fylla þar með 100% starf). Heildarstöðugildi kennara á haustönn 2010 eru 3,5. Allir kennarar eru með réttindi sem framhaldsskólakennarar. Til viðbótar er samningur við Tónlistarskóla Fjallabyggðar um 25% starf við tónlistarkennslu.

Skólanámskrá

Menntaskólinn á Tröllaskaga gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta Aðalnámskrár. Skólanámskráin er sá grunnur sem byggt er á þegar mat er lagt á gæði skólastarfs og árangur af því. Stefna skólans er því sett fram og útfærð í almennum hluta hennar á þann hátt að meta megí hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni. Þar er einnig gerð grein fyrir nánari útfærslu á hlutverki skólans sem og stefnu skólans í forvörnum, móttöku erlendra nemenda, jafnrétti, sjálfbærni, námsúrræðum fyrir nemendur með leshömlun og öðrum lögbundnum skyldum. Hinn hluti skólanámskrár fjallar um námsbrautarlýsingar og eru þær háðar staðfestingarferli ráðuneytis. Ráðuneytið hefur þó frestað þessari vinnu gagnvart nýju framhaldsskólalögunum þar sem vinna stendur yfir í ráðuneytinu um þann þátt. Því hefur skipulag skólans verið borið undir þróunardeild ráðuneytisins til staðfestingar án lokaniðurstöðu og því geta breytingar orðið á þeim þætti þegar ráðuneytið hefur lokið þeirri vinnu. Vinnu við skólanámskrá er ekki að fullu lokið en hana má sjá á vef skólans www.mtr.is.

Innleiðing nýrra námsbrauta

Menntaskólinn á Tröllaskaga er nýr skóli og vinnur eftir hugmyndum nýrrar námskrár og vinnur að því að þróa nám sitt og námsbrautir inn í viðmiðaramma ráðuneytis. Allar brautir hans eru því í raun í þróun og unnið er að útfærslu þeirra. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þróun lista- og menningarbrautar og að móta þar sérstöðu skólans fyrsta starfsárið. Næsta verkefni er þróun

Íþrótt- og útivistarbrautar í stað ferða- og útivistarbrautar sem stefnt var að í þarfagreiningu fyrir skólann en ekki er grundvöllur fyrir vegna skorts á áhuga nemenda og aðgengi að hæfum kennurum. Þá er unnið að mótun fisktæknibrautar í samvinnu við Fisktækniskóla Eyjafjarðar sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga, fiskvinnslufyrirtækja, SÍMEY, stéttarfélaga og MTR. Samkomulag varð við mennta- og menningarmálaráðuneyti að hefja þróun brautanna.

Þróun náms og námsbrauta er unnin í samvinnu og samráði við ráðuneyti og veitir það aðstoð og upplýsingar í þróunarferlinu. MTR fer eftir þeim viðmiðum, sniðmátum og reglum sem settar eru við framsetningu námsbrauta. Gert er ráð fyrir að staðfestingarferli ráðuneytis taki til framsetningar og uppbyggingar námsbrautar, staðsetningar á hæfniprep og fjárhagslegs svigrúms til rekstrar námsbrautarinnar.

Vinna við námsbrautir og áfanga birtist jafn óðum á vef skólans <http://www.mtr.is/is/page/namid>

Innritun/inntaka

Menntaskólinn á Tröllaskaga nýtir sameiginlegt innritunarkerfi fyrir framhaldsskóla Innu, sem ráðuneyti rekur. Skólinn sér um að opna fyrir umsóknir og innritar á sameiginlegum innritunartíma tvisvar á ári sem ráðuneyti ákveður en ræður að öðru leyti hvenær hann tekur við umsóknum. Ráðuneyti gefur út nánari viðmiðunarreglur og tímaramma um meðferð umsókna.

Menntaskólinn á Tröllaskaga er heimaskóli fyrir nemendur úr Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Eiga ólögráða nemendur af því svæði forgang til innritunar í skólann. Að öðru leyti er reynt að verða við umsóknum allra sem standast kröfur meðan pláss leyfir.

Innra og ytra mat

Markmið innra mats og ytra mats er að auka gæði náms og skólstarfs.

Kerfisbundið innra mat skóla á árangri og gæðum fer eftir 41. gr. laga um framhaldsskóla, reglugerð á grundvelli 42. gr. laganna og ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

Við matið er gengið út frá markmiðum í skólanámskrá, þau gerð mælanleg eða fundnar áreiðanlegar vísbendingar um að starfið sé í samræmi við markmið.

Matið er umbótamiðað, skýrsla er gerð um þá þætti sem eru metnir hverju sinni og greint opinberlega frá helstu niðurstöðum og umbótum í kjölfarið, þar á meðal í ársskýrslu skólans til ráðuneytis.

Matsskýrsla er ein af helstu undirstöðum ytra mats og á að vera aðgengileg ráðuneytinu á rafrænu formi.

Skólinn gerir ráðuneyti grein fyrir verk- og framkvæmdaáætlun um innra mat til næstu þriggja ára (sjá fylgiskjal). Áætlunin greini meðal annars frá sjálfsmatsaðferð skóla og þáttum sem koma til mats á hverju ári. Hún er endurskoðuð árlega og einu ári bætt við þannig að ávallt séu þrjú ár undir. Skólinn kynnir ráðuneyti nýjustu áætlun hverju sinni og er miðað við að hún verði fylgiskjal með samningnum. Hann greinir frá framvindu áætlunarinnar í ársskýrslu og er hún rædd á fundum um skólasamninginn, hann leggur fram gögn og greinir frá dæmum sem útskýra hversu virkt sjálfsmatsferlið er.

Ytra mat ráðuneytis fer eftir 42. gr. laganna og reglugerð sem sett er á grundvelli hennar. Ráðuneyti gefur árlega út áætlun til þriggja næstu ára um ytra mat (úttekt) á framhaldsskólum sem kynnt er á fundi um skólasamninginn. Þegar niðurstaða ytra mats á skólanum liggur fyrir er hún rædd á fundi með fulltrúum hans.

Upplýsingamiðlun

Menntaskólinn á Tröllaskaga nýtir sameiginlegt háhraðanet „FS-net“ með öðrum framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum og eiga skólarnir fulltrúa í stjórn netsins sem sér um rekstur, viðhald og ákveður gjaldskrá.

Ráðuneyti rekur gagnagrunninn og vefþjónustuna Skinnu sem er ætlað að safna tilteknum upplýsingum frá framhaldsskólum og gera ráðuneyti þannig kleift að uppfylla lagalegar skyldur sínar um eftirlit.

MTR skilar inn þeim gögnum sem ráðuneyti óskar eftir í samræmi við 55. gr. laga 92/2008 og reglugerð um söfnun upplýsinga.

Ráðuneyti vinnur að því að þróa nýjan námskrárgrunn með viðmóti fyrir skólana og munu þeir sjá um að setja inn brautarlýsingar og skila inn áfangalýsingum eftir því sem reglur segja til um.

Einnig sjá skólar um að setja upplýsingar hver um sinn skóla og það nám sem boðið er inn í nýja Menntagátt og rafræna upplýsingavefinn Nám að loknum grunnskóla. Stefnt er að því að þessi gögn verði samkeyrð og jafnvel tengd vefsíðum skólanna.

Fjármál, rekstur

Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins kveða meðal annars á um gerð fjárlagafrumvarps, bókhald og ársreikning og um framkvæmd fjárlaga. Reglugerð nr. 1061/2004 kveður ásamt fleiri reglugerðum á um framkvæmd fjárlaga. Fjárlög eru sett fyrir eitt ár í senn og ber forstöðumönnum að virða fjárheimildir.

Ráðuneyti skilar fjárlagatillögum vegna framhaldsskóla til fjármálaráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar eftir því sem ríkisstjórnin ákveður. Fjármálasvið ráðuneytis annast þessi mál í samvinnu við skrifstofu menntamála. Framhaldsskólar skila upplýsingum vegna fjárlagagerðar til ráðuneytis, meðal annars um nemendatölur. Fjárlagatillögur ráðuneytis vegna skóla geta byggst á eftirfarandi, enda þótt hver skóli fái ósundurgreinda fjárveitingu í fjárlögum:

- Reglugerð nr. 335/1999 um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla og líkaninu sjálfu sem uppfært er árlega. Frá og með árinu 2010 tekur líkanið ekki til húsaleigu.
- Leigusamningi skólans við Fjallabyggð sem ráðuneytið hefur staðfest áður en fjárlagafrumvarp liggur fyrir.
- Sérstökum verkefnum skóla samkvæmt 5. kafla samningsins.

Óski skóli eftir framlagi vegna annarra leigusamninga þarf að ná niðurstöðu um slíkt við ráðuneytið.

Skólinn skilar ráðuneytinu áætlunum og upplýsingum í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga og eftir því sem nánar er ákveðið. Hann færir fjárhagsbókhaldið í bókhaldskerfi ríkisins og ber skólameistari/rektor hans ábyrgð á fjárreiðum skólans og að bókhaldið sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Fermetratala skólans er: 833,1 fermetrar

5. Sérstök verkefni skólans

Um er að ræða annars vegar sérstök rekstrarverkefni sem skóli tekur að sér og skal þá aðgreina rekstrarútgjöld og rekstrartekjur vegna þeirra frá öðrum rekstri í bókhaldi skólans. Hins vegar er um að ræða þróunarverkefni sem njóta styrkja úr sjóðum ráðuneytis og gerður er sérstakur samningur um.

Úrgangslist

Styrkur fékkst úr Sprotasjóði til verkefnisins kr. 500.000.-

Markmið verkefnisins er að nemendur:

- skapi list úr úrgangi.
- kynnist hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- efli tengsl við grenndarsamfélagið út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- vinni með efni sem alla jafna er hent og gefa því nýtt líf þannig að nemendur og samfélagið í heild kynnist því að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er.
- búi til raunveruleg verðmæti.
- skapi hringrás efnis í stað förgunar þess.
- fái skilning á því að hringrás efnis dregur úr frumvinnslu hráefna.

Nemendur stunda námið í einum áfanga MYL2C05 en síðan er efnið samþætt öðrum myndlistaráföngum og afurðir sýndar á sýningum.

6. Gildistími, endurskoðun

Samingur þessi er gerður til þriggja ára og gildir frá 1. janúar 2010.

Farið skal yfir framkvæmd þessa samnings reglulega á gildistímanum sbr. 3. kafli og gert ráð fyrir hann sé endurskoðaður árlega og uppfærður að loknum vorfundi ár hvert.

7. Fylgiskjöl samningsins

Sjálfsmatsáætlun